

**Ed.**

**257. Frumvarp til laga**

[105. mál]

um breyting á lögum nr. 10 22. mars 1960, um söluskatt, sbr. lög nr. 7/1963, lög nr. 76/1967, lög nr. 10/1974 og lög nr. 85/1974.

(Eftir 3. umr. í Nd., 18. apríl.)

**1. gr.**

1. gr. laganna (sbr. 7. gr. laga nr. 10/1974) orðist svo:

Greiða skal í ríkissjóð söluskatt af innlendum viðskiptum og innfluttum vörum til eigin neyslu eða nota innflytjenda eins og nánar er mælt fyrir um í lögum þessum.

Ríkissjóður greiðir Jöfnunarsjóði sveitarfélaga 8% — átta af hundraði — skatts þess sem um ræðir í 1. mgr.

Auk skatts þess, sem um ræðir í 1. mgr., skal greiða í ríkissjóð söluskattsauka og gilda ákvæði II. og IV. kafla laga þessara um söluskattsaukann.

**2. gr.**

Af andvirði seldrar vöru og verðmæta, endurgjaldi fyrir hvers konar starfsemi og þjónustu, úttekt til eigin nota og innfluttum vörum til eigin neyslu eða nota innflytjenda skal greiða 18% — átján af hundraði — söluskatt og auk þess 1% — einn af hundraði — söluskattsauka eftir því sem nánar er ákveðið í lögum þessum.

**3. gr.**

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1976.